



FRETTABLAÐIÐ



Í gær var kyrrðarstund í tilefni af Alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga sem var þann 10. september. Markmið dagsins er að vekja umræðu um sjálfsvígsforvarni, stuðning við aðstandendur og að minnast þeirra sem hafa svipt sig lífi. Félagar úr Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins stóðu heiðursvörð fyrir utan Dómkirkjuna eftir að kveikt var á 39 útikertum, sem er sá fjöldi sem ræður sér bana að meðaltali á ári. Kjörorð dagsins í ár er Virkjum von með aðgerðum eða Create hope through actions.

FRETTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjármálaráðherra segir einkarekstur bæta heilbrigðisþjónustuna til muna

Ríkið á að einbeita sér að rekstri þjóðarspítalans, segir Bjarni Benediktsson. Mikil tækifæri í auknum einkarekstri. Vonast til að áherslur valdi ekki sundrunu í ríkisstjórninni.

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Bjarni Benediktsson kynnti fjárlagafrumvarp 2023 í gær. Heilbrigðismálin eru sem fyrr langhæsti útgjaldaliðurinn. Meira en þrjár af hverjum tíu krónum fara í útgjöld til málaflokksins. Bjarni segir árangur íslenska heilbrigðiskerfisins góðan á ýmsum sviðum en einnig séu áskoranir, biðlistar og óboðleg vistun sjúklinga sem dæmi.

„Ég tel að við munum ná mun meiri árangri ef við aukum samstarf opinberra aðila við einkaaðila.“

Bjarni segir helstu umbætur undanfarið tengjast auknu einkaframtaki. Í liðskiptaaðgerðum hafi samstarf við einkaaðila aukist og gefist mjög vel. „Sama á við um hjúkunarheimilin þar sem margir sjálfstætt starfandi hafa náð frábærum árangri.“ segir Bjarni.

Þegar Svandís Svavarsdóttir var heilbrigðisráðherra héldu Vinstri græn fast við ríkisrekstur. Nú hafa orðið ráðherraskipti, Willum Þór Þórsson heldur um stjórnartauma heilbrigðismála í Framsóknarflokknum. Spurður hvort sundrun sé meðal ríkisstjórnarflokkanna



Ríkið á að einbeita sér að rekstri þjóðarspítalans sem og stærri og þyngri málaflökkum sem ekki er skynsamlegt að deila milli aðila.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

hvað varðar áform um aukinn einkarekstur í heilbrigðisþjónustu svarar Bjarni:

„Ég vona að svo sé ekki.“

Bjarni segir miklu varða að heilbrigðiskerfið nái fleiri samningum við einkaaðila.

„Ríkið á að einbeita sér að rekstri þjóðarspítalans sem og stærri og þyngri málaflökkum sem ekki er skynsamlegt að deila milli aðila.“

Gert er í fjárlagafrumvarpinu ráð fyrir auknu fé til heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa. Munar fimm milljörðum frá fjárlögum síðasta árs. Á sama tíma breytast framlög til sjúkrahúsa lítið.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar gagnrýna fjármálafrumvarpið harðlega. **SJÁ SÍÐU 6**

Edda Björgvins orðin sjötug

TÍMAMÓT Edda Björgvinsdóttir fagnar sjötíu ára afmæli í dag. Hún stígur á stökk á föstudag í Þjóðleikhúsinu á frumsýningu sænska söngleiksins Sem á himni sem slegið hefur í gegn á hinum Norðurlöndunum og víðar.

Eftir frumsýningu á söngleik í vikunni tekur við sjónvarpsseríu, sálgaeslunám og helst mörg partí. Hún ætlar þó að gefa sér smá tíma til að fagna deginum. „Ég ætla að reyna að gripa þau börn sem ég næ í og fara með þau í kaffi en svo tek ég þau bara með í vinnuna! Þau neyðast sem sagt til að koma með mér á fyrsta rennsli sýningarinnar sem er með áhorfendum til að knúsa mig almennilega.“ segir Edda.

Síðar meir mun svo gefast svigrúm fyrir frekari herlegheit. „Þá ætlum við að kíkja til útlanda og halda partí – helst mörg partí!

SJÁ SÍÐU 10

Alrafmagnaður

ID.5 GTX

Fjór hjóladrífinn fjölskyldubíll

Verð frá **7.690.000 kr.**

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/id5





Hildur er eini Íslendingurinn sem unnið hefur til Óskarsverðlauna.

MYND/ACADEMY AWARDS

Ný tónlist Hildar kemur í október

kristinnhaukur@frettabladid.is

TÓNLIST Kvikmyndin Tár með tónlist Hildar Guðnadóttur verður gefin út 7. október næstkomandi og tónlistin þann 21. október. Sérstök vínilútgáfa verður svo gefin út í janúar.

Tár er fyrsta kvikmyndin sem Hildur semur fyrir síðan hún vann Óskarsverðlaun fyrir The Joker sem kom út árið 2019. Hildur er eini Íslendingurinn sem unnið hefur til Óskarsverðlauna.

Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í byrjun þessa mánaðar. Hún fjallar um ris og fall tónlistarstjórnanda að nafni Lydia Tár, sem starfar í Þýskalandi, og flækist í MeToo-mál. Ástralska leikkonan Cate Blanchett fer með aðalhlutverk myndarinnar. Auk tónlistar Hildar eru verk eftir austurríska tónskáldið Gustav Mahler og enska tónskáldið Edward Elgar. ■

Verk Leifs vöktu athygli í St. Giles



Kista Elisabetar drottningar kom til St. Giles-dómkirkjunnar í Edinborg í gær en glerlistaverk eftir listamanninn Leif Breiðfjörð prýðir fordyri kirkjunnar og sést hér í bakgrunni. Gluggar eftir Leif sem tileinkaðir eru minningu skáldsins Robert Burns prýða einnig dómkirkjuna. Hér má sjá, meðal annarra, Játvarð, Andrés, Kamillu eiginkonu konungs, Önnu prinsessu og Karl Bretakonung.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stelpurnar okkar verða í næsta FIFA

kristinnpall@frettabladid.is

RAFÍÐRÓTTIR Í fyrsta sinn verður hægt að spila sem íslenska kvennalandsliðið í tölvuleiknum vinsæla FIFA 23. EA Sports, framleiðandi leiksins, birti á dögunum lista yfir öll liðin sem verða í leiknum sem kemur út 30. september.

Alls eru sautján landslið í kvennaflokkum í boði í næsta leik. Félaglið úr ensku og frönsku kvennadeildinni er einnig í boði.

Stefán Sveinn Gunnarsson, sviðsstjóri á markaðssviði Knattspyrnusambands Íslands, segir það hafa verið eina af forsendum KSÍ að fá kvennalandsliðið í leiknum er samningaviðræður við EA Sports stóðu í fyrri.

„Ein forsenda þess að við samþykktum framlengingu var einmitt sú að þeir myndu þróa kvennaliðið okkar líka í sínu vörufuramboði,“



Berglind Björg verður í FIFA leiknum bæði með landsliðinu og PSG.

segir Stefán. Að hans sögn skilar leikurinn ekki tekjum fyrir KSÍ.

„Við metum þennan sýnileik þess virði að hann sé réttlætunlegur án greiðslunnar.“

Tvær landsliðskonur verða í leiknum með félagliðum sínum. Dagný Brynjarsdóttir verður á sínum stað sem fyrirliði West Ham og Berglind Björg Þorvaldsdóttir hjá franska stórveldinu PSG sem keypti Eyjameyna frá Brann á dögunum. ■

Dansklúbbur fyrir fólk með göngugrindur í Hæðargarði

Matthildur Guðmundsdóttir stendur í dag fyrir dansstund fyrir fólk með göngugrindur í félagsmiðstöðinni í Hæðargarði. Raggi Bjarna og Haukur Morthens eru á spilunarlistanum á meðal annarra meistara.

gar@frettabladid.is

FÉLAGSLÍF „Þetta er ekki bara fyrir fólk hér í húsinu, það mega allir koma hvar sem þeir búa í borginni,“ segir Matthildur Guðmundsdóttir dansáhugamaður sem í dag setur í gang dansklúbb fyrir fólk með göngugrindur í félagsmiðstöðinni í Hæðargarði 31.

„Mér datt þetta í hug vegna þess að það eru talsvert margir farnir að vera með göngugrindur,“ segir Matthildur sem hefur dansað allt sitt líf og bæði keppt í dansi og kennt öðrum listina með eiginmanni sínum Jóni Frey Þórarinssyni, sem var skólustjóri í Laugarnesskóla. Jón Freyr lést fyrir tæpum þremur árum.

„Ég á mikið af tónlist því ég og minn maður stjórnudum dansi í Stangarhyl á vegum eldri borgara fyrir nokkrum árum,“ segir Matthildur sem segir tónlistarvalið vera frá því fyrir tíma Bítlanna.

„Ég ætla að reyna að hafa þetta svoltið skemmtilegt og hafa tónlistina þannig að hún sé mest við hæfi 80 plús og 90 plús; að það séu Haukur Morthens, Raggi Bjarna og Ingimar Eydal, tónlist sem þessi hópur hafi skemmt sér við á yngri árum, þekki og geti sungið með,“ segir Matthildur.

Fyrst danstíminn verður í dag klukkan 13 og svo áfram komandi þriðjudaga á sama tíma. Matthildur segist ekki ætla að taka laun fyrir danstímann.

„Þetta á að vera dansklúbbur og það á bara að vera skemmtilegt. Við ætlum að marsera með göngu-



„Þetta á að vera dansklúbbur og það á bara að vera skemmtilegt,“ undirstríkar Matthildur Guðmundsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hjónin Matthildur Guðmundsdóttir og Jón Frey Þórarinsson heitinn kepptu í samkvæmis-dönsum og fengu mörg verðlaun.

MYND/ADSEND

grindurnar og svo er ekkert mál að dansa alls konar spor; valsa og ræla og sömbu og rúmbu og bara nefndu það. Við ætlum að vera með göngugrindurnar og dansa,“ segir Matthildur. „Fólk má líka koma þó að það sé ekki með göngugrindur. Það getur tekið þátt með því að halda í stólbak ef það vill styðja sig við eitthvað eða bara dansað frjálsglega. Það er ekki aldurstakmark en þetta er miðað við þennan hóp sem þekkir gömlu danslögin.“

Matthildur sem er 87 ára kveðst hafa dansað alla ævi, fyrst í barnaskóla og síðan í dansskólum og hún kenndi til dæmis hjá Þjóddansafélaginu.

„Við hjónin tókum alltaf frá eitt kvöld í viku, þriðjudagskvöld, og dönsuðum saman því þetta var bara okkar áhugamál. Og þess vegna er það að þó að ég sé orðin þetta gömul langar mig til að dansa áfram,“ segir dansdrottningin í Hæðargarði 31. ■

BRIDGE

SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **26. sept.** 5 mánudagar frá 19-22

KERFIÐ (stig 2) **28. sept.** 5 miðvikudagar frá 19-22


- **STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- **STIG 2** Standard-kerfið er í forgrunni á þessu námskeiði, bæði tveggja-manna-tal og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.

- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík, húsnæði BSÍ
- Sjá nánar á **bridge.is** (Bridgeskólinn)
- Nánari upplýsingar og innritun í síma **898-5427**



SMURT OG SPARAÐ

Sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 30. september.



Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

Engin vandamál – bara lausnir

● Toyota Kaupúni	—————	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
● Toyota Akureyri	—————	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
● Toyota Selfossi	—————	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
● Toyota Reykjanesbæ	—————	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
● Arctic Trucks	—————	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	—————	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	—————	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Kópavogs	—————	Smiðjuvegi 68	Kópavogi	587 1350
● Nethamar	—————	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
● Bílatangi	—————	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
● Bifreiðaverkstæði KS	—————	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
● Bílaleiga Húsavíkur	—————	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
● Bílaverkstæði Austurlands	—————	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
● Bílageirinn	—————	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Oddur Helgi að selja Blikkrás

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Oddur Helgi Halldórsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi og faðir L-listans, sem vann hreinan meirihluta á sínum tíma á Akureyri, er að selja fyrirtæki sitt, Blikkrás, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Baldur Guðnason athafnamaður hefur gert kauptilboð í fyrirtækið.

Blikkrás hefur verið ævistarfró Odds Helga allt frá árinu 1986, eða frá stofnun. Oddur Helgi segist ekki geta tjáð sig um málið að sinni. ■



Mestur viðsnúningurinn varð í apríl.

Fleiri flugferðir en fyrir faraldurinn

kristinnhaukur@frettabladid.is

FLUG Flugferðir til og frá Íslandi í sumar voru fleiri en á sama tíma fyrir faraldurinn. Þetta kemur fram hjá Eurocontrol, flugumferðarstofnun Evrópu.



Aðeins þrjú lönd hafa náð að endurheimta flugtraffíkina frá 2019.

Mestur viðsnúningurinn var í apríl. Í mars voru flugferðirnar 28 prósentum færri en í marsmánuði árið 2019. Í apríl voru ferðirnar hins vegar 9,7 prósentum fleiri en í apríl 2019. Þetta er viðsnúningur upp á 37,7 prósent. Allir mánuðir síðan hafa verið yfir árinu 2019, til að mynda 2,5 prósent í ágúst.

Aðeins tvö önnur lönd Evrópusambandsins og EFTA hafa náð að endurheimta flugtraffíkina eins og Ísland. Það eru Grikkland og Lúxemborg.

Í ágúst voru flugferðir í álfunni 14 prósentum færri en í sama mánuði árið 2019. Mesta fækkunin var í Slóveníu, 42 prósent. Spánn fór niður um 7 prósent, Frakkland um 11, Danmörk um 15, Þýskaland um 20 og Svíþjóð um 23 prósent. ■

Notkun barna á þunglyndislyfjum tvöfaldast

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Notkun þunglyndislyfja er 38 prósentum meiri nú en hún var árið 2012. Þetta kemur fram í svörum Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Evu Sjöfnar Helgadóttur, varaþingmanns Pírata.

Almennt eykst notkun þunglyndislyfja með aldri. Það er hins vegar aukning í yngri aldurshópnum sem yfir heildartölunni upp.

Notkun barna hefur aukist um 90,1 prósent og ungs fólks, það er



Mesta notkunin er á Norðurlandi og Austurlandi.

18 til 39 ára, um 62 prósent. Aukningin hjá fólki á miðjum aldri, 40 til 66 ára, er 25,4 prósent en aðeins 7,8 prósent hjá eldra fólki, 67 til 69 ára.

Þó að dregið hafi saman með aldurshópnum er notkun eldra fólks



Notkun barna hefur aukist um 90 prósent á 10 árum.

enn þá fimmfalt meiri en barna. Mikill munur er á þunglyndislyfjanotkun kynjanna og nota konur nærri því tvöfalt meira. Þessi munur hefur aukist á undanförunum áratug. Notkun kvenna hefur aukist um 42,2 prósent en notkun karla 33,9 prósent.

Athygli vekur að nokkur munur mælist eftir landshlutum. Mesta notkunin er á Norðurlandi og Austurlandi en áberandi minnsta notkunin á Suðurnesjum. Er munurinn tæplega 23 prósent milli Norðurlands og Suðurnesja. ■

Breyta verklagi við biðlista fatlaðra í kjölfar sigurs Kjartans á borginni

Endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk hefur verið samþykkt í borgarráði. Hraða á uppbyggingu og stytta biðlista. Verklagi við biðlista verður einnig breytt í kjölfar fullaðarsigurs þroskahlaðs manns gegn borginni.

helenaros@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Reykjavíkurborg hyggst breyta verklagi sínu við gerð áætlana um útvegum videigandi húsnæðis fyrir fatlað fólk.

Borgin ákvað í síðustu viku að falla frá áfrýjun í máli Kjartans Ólafssonar, 25 ára þroskahlaðs manns með Downs-heilkenni, og una niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur sem féll í málinu í júní 2020.

Mál Kjartans snéri að verklagi borgarinnar í kringum biðlista fatlaðra eftir húsnæði með þjónustu og sagði lögfræðingur hans niðurstöðuna sýna að verklagið stæðist ekki lög.

Fatlaðir og aðstandendur þeirra gátu ekki með nokkru móti nálgast upplýsingar um hvar þeir stæðu á biðlistum borgarinnar. Grundvallarástæðan var sú að biðlistar borgarinnar fólu ekki í sér neina röðun umsækjenda.

Samkvæmt svörum frá borgarlögmanni samþykkti borgarráð endurskoðaða uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk á fundi sínum 11. ágúst síðastliðinn. Áætlunin geri ráð fyrir hraðari uppbyggingu og styttingu biðlista.

Borgin muni styðjast við ein-



Kjartan Ólafsson í gróðurhúsinu í Bjarkarási þar sem hann unir sér vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Tilgangur breytts verklags er að leitast við að umsækjendur geti fengið nákvæmari svör um hvenær þeir megi vænta að fá úrlausn sinna húsnæðismála.

Úr svörum Reykjavíkurborgar

staklingsmiðaða uppbyggingaráætlun og á grundvelli hennar gera áætlun um að útvega hverjum einstaklingi sem samþykktur hefur verið á biðlista videigandi húsnæði.

„Tilgangur breytts verklags er að leitast við að umsækjendur geti fengið nákvæmari svör um hvenær þeir megi vænta að fá úrlausn sinna húsnæðismála,“ segir jafnframt í svari borgarinnar. Mál Kjartans hafi leitt til fyrirhugaðra breytinga og að því leyti sé mál hans fordæmisgefandi.

„Á hinn bóginn verður ekki séð að málið hafi áhrif á aðra einstaklinga sem samþykktir hafa verið á biðlista eftir öðrum húsnæðis- og/ eða þjónustuúrræðum hjá Reykjavíkurborg, enda eru þau úrræði

reist á öðrum lagagrundvelli,“ segir í svarinu.

Í byrjun ágúst voru 136 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg. Af þeim voru 22 einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur. Af þeim ástæðum segir borgin að gerð nýrra áætlana taki nokkurn tíma.

Samkvæmt uppbyggingaráætluninni sem borgarráð samþykkti í ágúst verður Félagsbústöðum hf. falið að byggja 20 nýja íbúðakjarna með 120 íbúðum, auk þess að útvega 48 íbúðir fyrir einstaklinga sem fá notið þjónustu færanlegs teymis.

Áætlunin gildir til ársins 2028 en verður þá endurskoðuð árlega með hliðsjón af biðlistum og árangri Félagsbústaða hf. við að útvega húsnæði fyrir fatlað fólk.

Í svari borgarinnar kemur jafnframt fram að sveitarfélög reiði sig á fjármagn frá íslenska ríkinu við rækslu lögbundinna verkefna sem varði þjónustu við fatlað fólk. Samkvæmt niðurstöðum starfshópa, sem skoðað hafa þjónustu fatlaðra og gert greiningu á kostnaðarþróun í málaflokknum, sé ljóst að tekjur sveitarfélaga hafi ekki aukist í samræmi við umfang þjónustu. Árið 2020 hafi halli málaflokksins verið tæplega níu milljarðar króna.

Tillögur starfshóps sem skipaður var til að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra eiga að liggja fyrir í byrjun desember næstkomandi. Þá hefur borgarráð skipað aðgerðateymi vegna fjárhagslegra samskipta borgarinnar við íslenska ríkið. ■

ISBAND

SMURÞJÓNUSTA

VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
FÓLKSBÍLA - HÚSBÍLA - VINNUBÍLA
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN
SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 590 2323
THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

UMBOÐSAÐILI

Jeep



FIAT



CHRYSLER

DODGE

SÍÐUSTU DAGAR



HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI **PARKET, FLÍSAR, HURÐIR**

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.890 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

10 mm AC5 MAMMUT PLUS VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²

12 mm AC5 MAMMUT VERÐ FRÁ 4.150 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 5.490 KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VÍNYPARKET VERÐ FRÁ 4.590 KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAR

30X60 VERÐ FRÁ 4.790 KR. m²

60X60 VERÐ FRÁ 5.590 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTAR HURÐIR MEÐ KARMÍ
VERÐ FRÁ 41.990 kr.

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FYLGIEFNUM

ÚTSÖLU LÝKUR LAU. 17. SEPT.

Birgisson[®]



OKKAR VÖRUR ERU UMHVERFISVOTTADAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Stjórnarandstöðunni list illa á fjárlagafrumvarpið



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segir að fjárlagafrumvarpið valdi vonbrigðum.

Verja þurfi tekjulága en með frumvarpinu séu kroppaðir peningar af almenningi í stað þess að sækja tekjur til þeirra sem sannarlega séu aflögu-færir.

„Þar mætti nefna sjávarútvegsfyrirtækin sem skila mjög góðu búi þessa dagana, bankana og miklar fjármagnstekjur,“ segir Logi.

„Svo er ekkert að fréttu af heilbrigðismálunum. Þar eru nánast engar hækkningar þvert á viðvörunarorð innan úr kerfinu.“

Einnig nefnir Logi lækun á stofnframlagi til húsnæðismála á sama tíma og lyfta þurfi grettistaki í mála-flokknum.



Bjarni Benediktsson sagðist ánægður með stöðu ríkissjóðs þegar hann kynnti fjárlagafrumvarp ársins 2023 í gær. Enda væri staðan miklu betri en nokkur hefði séð fyrir í Covid-faraldrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Seilst í vasa almennings



Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, gagnrýnir áherslur fjármálaráðherra harðlega, eins og þær birtist í frumvarpinu.

Það á eins og vanalega að sækja fé í vasa almennings en ekkert er krukkað í veiðigjöld eða bankaskatt,“ segir Inga.

Hún getur þess að boðuð hækkun á almannatryggingum sé til bóta en ríkisstjórnin sjá ekki sóma sinn í að hækka greiðslur í samræmi við verðbólgu auk þess sem skerðingar vinni upp á móti og dragi úr kaupmætti. Mikilvægt sé að taka húsnæðisliðinn út úr vísitölu.

Þyrfti að skipta um stjórn



Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir að margt í fjárlagafrumvarpinu sé á skjön

við fyrri yfirlýsingar fulltrúa samstarfsflokka Bjarna í ríkisstjórninni.

„Það er áætlað að selja Íslandsbanka á sama tíma og stjórnarliðar hafa margsagt að ekki verði haldið áfram með sölu á óbreyttu. Það er myndi. Ég sé ekki betur en að eina leiðin til að klára sölu Íslandsbanka sé að skipta um fjármálaráðherra og skipta um ríkisstjórn í ljósi fyrri ummæla samstarfsflokka fjármálaráðherra um að nú þurfi að setja sölu á ís,“ segir Björn Leví.

Þá segir Björn Leví það vekja undrun að í húsnæðismálum sé engin tala um aukin stofnframlög þrátt fyrir tilkynningu Sigurðar Inga um byggingu 20.000 íbúða. „Þau eru að reyna að kaupa sér gálgafræst og það er óþótlegt á þessum tíma.“

Aðhaldskrafa sjúkrahúsa sem nemur 4,1 milljarði í frumvarpinu er annað sem Björn Leví skilur ekki.

„Ég sé þó jákvætt í frumvarpinu að það er verið að bæta upp verðlagsþróun hjá lífeyrisþegum.“

Jákvæður viðsnúningur í ríkisrekstri

Staða ríkissjóðs er miklu betri en áætlun gerði ráð fyrir. Ráð er gert fyrir áframhaldandi sölu á bréfum í Íslandsbanka. Álögur eru auknar á umhverfisvæna bíla.

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA 90 milljarða króna halli verður á ríkissjóði samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti í Arnarhvoli í gær. Afkoma ríkissjóðs er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar 100 milljörðum í tekjum umfram áætlun, ekki síst vegna blómstrandiferðapjónustu. Mestu útgjöldin renna til heilbrigðismála, 30,8 prósent. Í samtali við Fréttablaðið segir Bjarni að árangur heilbrigðiskerfisins sé mikill fyrir íslensku þjóðina, sem dæmi út frá mælikvörðum um ungbarnadauða og árangur af krabbameinslækningum.

„Ég tel að við munum ná mun meiri árangri ef við aukum samstarf opinberra aðila við einkaaðila,“ segir Bjarni. Mikill skaði sé af því að ríkið hafi ekki náð samningum við sérfræðilækna í mörg ár.

Bjarni segir að breytingar á heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu hafi verið góðar. Þar hafi fengist samanburður á opinberum rekstri og einkarekstri.

Hann nefnir einnig að í liðskiptaáðgerðum hafi verið aukið samstarf við einkaaðila með auknu einkaframtaki. „Það á líka við um hjúkunarheimilin þar sem margir sjálfstætt starfandi hafa náð frábærum árangri,“ segir Bjarni.

„Að mínu mati höfum við víða séð mörg dæmi um mikilvægi þess að ná samningum við einkaaðila með mjög góðum árangri. Ríkið á að einbeita sér að rekstri þjóðarspítalans sem og stærri og þyngri málaflokkum sem ekki er skynsamlegt að deila milli aðila.“

Gert er ráð fyrir sölu á síðustu bréfunum í Íslandsbanka í fjárlagafrumvarpinu. Hagnaður af söluinni fyrir ríkið er áætlaður 70 til 80 milljarðar króna.

Gjaldskrá tóbaks og áfengis mun hækka og auka tekjur ríkiskassans um nálægt 800 milljónum. Hvatar verða skertir til að fjárfesta í umhverfisvænum bifreiðum. Umbætur verða á högum öryrkja.


Mikilvægt er að sögn ráðherra að halda áfram uppi háu atvinnustigi og búa þannig í haginn að ungum sem öldnum auðnist að afla sem




Að mínu mati höfum við víða séð mörg dæmi um mikilvægi þess að ná samningum við einkaaðila með mjög góðum árangri.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Atvinnuleysi í sögulegu samhengi



Hlutfallsleg skipting rammasettra útgjalda 2023



- Heilbrigðismál
- Félags-, húsnæðis- og tryggingamál
- Mennta- og menningarmál
- Samgöngu- og fjarskiptamál
- Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla
- Almanna- og réttaröryggi
- Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar
- Umhverfismál
- Önnur málefna við

mestra tekna. Mikil atvinna og háar tekjur nýtist best til að komast yfir þróskuldinn til að kaupa húsnæði sem eftir verðhækkunar sé nú hærri en um langt skeið. Öflug hagstjórn mun vega þyngt í að ráðast gegn verðbólgunni, að sögn Bjarna. ■



Boðar fækkun ríkisstofnana

Bjarni Benediktsson vill sameina ríkisstofnanir og setja aðskilinn rekstur undir einn hatt. Einkum sé mikilvægt að líta til minni stofnana. Hann bendir á að í umhverfisráðuneytinu sé nú verið að skoða allar undirstofnanir með aukna sameiningu í huga.

Bjarni minnir á að undir hans stjórn hafi margs konar sameining átt sér stað. Sameining Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins sé eitt dæmi um farsælt skref. Þá hafi dómsmálaráðherra boðað breytingar á sýslumannsembættum og barnamálaráðherra sé að skoða ýmsa sameiginlega stoðþjónustu til samræmingar svo sem rekstur tölvukerfa, húsnæði, mannaráðningar og fleira.

„Það er óskynsamlegt að hafa þessa þætti í hverri einustu einingu. Við eigum að horfa til sameiginlegra rekstrarliða, leyfa málaflokkum viðkomandi stofnunar að blómstra en láta ekki féð fara í yfirbyggingu og umstang sem hefur ekkert með grunnrekstur að gera,“ segir Bjarni.

BYD

NÝTT MERKI, NÝR BÍLL!

BYD T3, NÝR OG SPENNANDI
100% RAFMAGNAÐUR SENDIBÍLL



BYD ER MÆTTUR TIL LEIKS Á ÍSLANDI.
BYD ER EINN STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI

BYD T3 er glæsilegur sendibíll og nýr valkostur fyrir atvinnurekendur og einyrkja. BYD T3 er ríkulega búinn og uppfyllir allar nútíma kröfur um þægindi og öryggi og er **100% rafknúinn**.

Komdu í heimsókn og kynntu þér BYD T3, við tökum vel á móti þér.

Nánari upplýsingar á vatt.is



VERÐ KR.
5.300.000

DRÆGNI ALLT AÐ
310 KM

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

 **vatt** ehf

Kóngar og við hin



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Nýr veruleiki blasir við í Bretlandi. Drottning sem hefur verið þjóðhöfðingi landsins í rúm 70 ár er látin. Þegar Elísabet fæddist var alls ekki talið líklegt að hún myndi erfa krúnuna. Eldri bróðir föður Elísabetar, Játvarður prins, var krúnuerfinginn en hann afsalaði sér konungdómi árið 1936 til þess að giftast fráskilinni bandarískri konu, Wallis Simpson. Ekki kom til greina að Játvarður VIII. fengi að kvænast Wallis vegna fortíðar hennar.

En tímarnir breytast sem betur fer. Nýi kóngurinn Karl III. hefur verið giftur fráskilinni, tveggja barna móður í 17 ár. Hún verður nú drottning við hlið hans. Vilhjálmur krónprins er kvæntur konu sem ekki er af aðalsættum svo vígin falla hvert af öðru. Harry bróðir Vilhjálms er líka kvæntur fráskilinni konu, af blönduðum kynþætti. Svo breska konungsveldið er á fleygi-ferð inn í nútímann.

Sumir segja konungsveldi algera tíma-skekkju. Það að menn séu fæddir til að gegna æðstu stöðum þjóðar sinnar gangi gegn öllum lýðræðislegum þankagangi. Aðrir telja konungsfjölskyldur ómissandi sameiningartákn í fallvaltri veröld. Þær þjappi þjóðinni saman, geti verið mikilvægar fyrirmyndir með því að sýna gott fordæmi og séu þjóðinni ómetanlegur stuðningur þegar erfiðleikar stöðja að eða á sorgarstundum.

Elisabet II. fær góð eftirmæli. Hún er nánast eins og goðsögn. Hún var greinilega afskaplega skyldurækin, réttisyn og hlífði í engu sjálfri sér til að gegna þjóðhöfðingjahlutverkinu eins vel og henni var kostur.


Einkunnarorð Elísabetar voru að bera sig vel, sama hvað á bjátaði. „Never complain, never explain.“ Það fylgdi nefnilega mikil dulúð valdatíð Elísabetar, hinir konungbornu héldu almenningi í hæfilegri fjarlægð og það var harðbannað bera einkalíf sitt eða tilfinningar á torg.

Þetta hefur líka breyst með nýjum kynslóðum innan konungsfjölskyldunnar. Það mátti berlega sjá þegar bræðurnir og prinsarnir Vilhjálmur og Harry og eiginkonur þeirra ræddu við fólk sem hafði safnast saman við Windsor-kastala á laugardaginn. Þau spjölluðu óþvingað við fólk, kysstu og föðmuðu, létu blíðlega að börnum og klöppuðu hundum. Almennungi virðist líka þessi framkoma afar vel, en nú er að sjá hvort það sem hingað til hefur verið nauðsynlegt, að halda fólki í ákvedinni fjarlægð og viðhalda dulúðinni, muni skaða samband þjóðhöfðingja og þegna, eða hvort það styrkir ekki bara tengslin að fá að sjá að hinir konunglegu eru bara mannlegar verur með tilfinningar eins og við hin. ■



Einkunnarorð Elísabetar voru að bera sig vel, sama hvað á bjátaði. „Never complain, never explain.“

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Pappírsmötuneyti borgarinnar
Tæp tvö ár eru frá því borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að verja heilum 10 milljörðum í stafræna umbreytingu á þriggja ára tímabili. Það var því ansi merkilegt að lesa það sem Sjálfstæðisflokkurinn benti á á síðasta borgarráðsfundum. Að þessi rándýra skráning virkaði ekki einu sinni innanhúss. Í mötuneytum borgarinnar virkar nefnilega ekkert sem kallast stafrænt og þarf starfsfólk borgarinnar, sem telur einhver þúsund, að skrá sig með penna og blaði, eitthvað sem 10 milljarða króna stafræn umbylting ætti að geta ráðið við.

Biðraðir starfsmanna
Bendir Sjálfstæðisflokkurinn á að umræddur búnaður hafi ekki virkað í mörg ár og þarf starfsfólk borgarinnar að slá kennitölur sínar inn með handvirkum hætti er það fær sér máltíð. Jafnvel skrifa þessar upplýsingar á pappír, sem liggur frammi. Það þarf síðan væntanlega að koma því í stafrænt form sem tekur tíma. Lagði flokkurinn fram tillögu til að flýta fyrir afgreiðslu í mötuneytum þar sem núverandi fyrirkomulag leiði til tafa og biðraðamyndunar. „Úrbætur varðandi þetta einfalda atriði myndu einnig eflaust auka trúverðuleika Reykjavíkurborgar gagnvart starfsfólki sínu,“ sagði í tillögu flokksins. Flokkur fólksins benti á að ekkert stafrænt hefði gerst í leikskólum í mörg ár. ■

Barnafjölskyldum ógnað



Ólafur Ísleifsson
hagfræðingur og
fv. alþingismaður

Viða um lönd er tekist á við verðbólguvanda runninn upp af veirufaraldri, lausatökum í ríkisfjármálum, aðfangatrufunum, hræringum á verði hrávöru, stríði í Evrópu.

Viðbrögð stjórnvalda hér á landi felast í að fella kostnaðinn á fjölskyldur sem leitast við að koma sér upp húsnæði. Þær eiga að borga tjónið af heimsverðbólgunni. Auk þeirra eiga lítil og meðalstór fyrirtæki að leggja af mörkum. Bönkunum sem sýna tugmilljarðahagnað í hálfársuppgjörum er ekki ætlað að axla neinar byrðar. Erú samt í ríkiseigu að verulegu leyti.

Fjölskyldur finna fyrir þessari ákvörðun stjórnvalda með því að þurfa að greiða tugi þúsunda aukalega á mánuði í afborganir af húsnæðislanum. 100 þúsund krónur kalla á ríflega 160 þúsund króna aukatekjur fyrir skatt. Hvaðan eiga þær að töfra fram þetta viðbótarfé?

Í Bretlandi og Þýskalandi áforma stjórnvöld að mæta fjölskyldum vegna hækkandi kyndingarkostnaðar. Þar telja stjórnvöld forgangsatriði að verja heimili landsins. Barnafjölskyldur hér verða fyrir bylmingshöggi vegna húsnæðislána. Raðamenn segja að greina þurfi stöðuna eins og vandinn komi þeim naumast við. Engum áformum er lýst um aðgerðir til að verja heimilin. Skilaboðin: Er ekki bara best að hafa þetta svona?

Sedlabankinn hefur ekki skýrt af hverju vextir hér þurfi að fara langt fram úr því sem gerist meðal nágrannaþjóða sem glíma við sömu heimsverðbólgu. Hvaða sérislenskar aðstæður kalla á þessar harkalegu aðgerðir?

Ríkisfjármálin gegna hlutverki við að halda aftur af verðbólgu og mega ekki áfram vera lausbeisluð. Viðurkenna verður skaðvæni húsnæðisliðarins sem sýnir ýkta mynd af verðbólgunni miðað við það sem almennar verðbreytingar gefa tilefni til og fellir þannig þyngri byrðar en ella á heimilin. Húsnæðisliðurinn á sér enga samsvörum í nágrannalöndum og ætti að víkja.

Stjórnvöld bera ábyrgð á að fjölskyldur sæta þungvopnuðum árásum í krafti vaxtaokurs og húsnæðisliðar. Þetta hafa reynt sem stórvirkar vinnuvélar við að flytja fé frá fólki til fjármálastofnana. Ætla stjórnvöld að sitja hjá í stað þess að verja heimilin? ■



Húsnæðisliðurinn á sér enga samsvörum í nágrannalöndum og ætti að víkja.

Oktoberfest
Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Kristrún, ESB og evran eru leiðin, ekki aukin skattheimta



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og dýraverndunar-sinni

Það hefur verið rólegt yfir sviði íslenzkra stjórnmalamanna síðustu misseri. Reyndar hafa allmargir nýir þingmenn komið inn, en forystumenn eru mikið þeir sömu. Sama gamla tóbakið.

En nú er komin hreyfing á málin hjá Samfylkingunni, þar sem núverandi formaður dregur sig til baka og Kristrún Frostadóttir, nýr þingmaður flokksins, frá í fyrria, býður sig fram til formanns. Námsferill til 2016, svo mest störf í fjármálafyrirtæki og banka fram til 2021. Ansi djörf og brött fjallanga það. Flýtleið upp á toppinn.

„Enginn verður óbarinn biskup“ hefur þótt gott máltæki, sannleikskorn, en greinilega ekki efst á blaði hjá formannskandidatunum. Hér erum við að ræða um reynslu, lærdóm af mistökum, lífsins skóla, til að öðlast þroska og skilning til að taka að okkur stærri verkefni og ráða við

þau. Á sjónum kallast það að menn sjóist. Þar dugur stýrimannsþrófið eitt ekki. Ég hef nú þegar skrifað grein um málið undir fyrirsögninni „Er lausnarinn fundinn?“.

Setti ég þar fram efasemdir um, að reynsla kandidateins dygði, að hún væri nógu sjóð, þrátt fyrir glæsilega skólagöngu, flottan bankaferil og hrifandi framgöngu, svo og um helztu stefnumál hennar: Bætt heilbrigðiskerfi, sókn í húsnæðismálum, úrbætur samgöngukerfisins; allt góð mál og gegn, sem reyndar allir flokkar eru með, en um leið stórfelld útgjaldamál, og þyrftu lausnarhugmyndir að fylgja. Ekki væri nóg að hafa markmið, heldur líka brýnt, að leiðin að því fylgdi.

Eftir viðtal á Dagmálum taldi Moggi, að kandidatin vildi fjármagna þessa málaflokka með auknum sköttum á miðstéttina. Sjálf sagði hún þetta misskilning, en augljóst er þó, að þessi stefnumál verða ekki fjármögnuð, nema með auknum sköttum, og minnir það á, að Samfylkingin tók upp nýjan stóreignaskatt á stefnuskrá sína, sem hefði bitnað á um 5.000 skattgreiðendum, fyrir síðustu kosningar, og er ekki ósennilegt, að sú skattahugmynd hafi einmitt komið frá formannskandidatunum.

Sú hugsun lædist því að manni, að hér kunni ný skattadrottning að vera að stíga inn á sviðið, þar sem færa skal til tekjur og eignir í stórum stíl, milli manna og fyrirtækja, með handaflí.

Ekki uppbyggilegt það, og spurning, hverjir aðrir áhrifaflokkar styddu mögulega skattahækkana-herferð. Ekki ólíklegt, að Samfylkingin myndi einangra sig með slíkri „realpólitík“, útiloka sig frá stjórnarþátttöku. Ekki færi þá formannskandidatin vel af stað, hvorki fyrir sig né flokkinn.

Um skattamál: Bezt er að skattleggja tekjur, því með tekjum má greiða skattinn. Ef hlutfall skattsins er of hátt, fer skatttaka að draga úr framkvæmdavilja og getu til framsóknar og verðmætasköpunar. Þá minnkar skatturinn af sjálfu sér, þrátt fyrir hærri prósentu, og umsvif og atvinnusköpun dragast saman.

Neyzluskattur, virðisaukaskattur, er líka viðtekin leið, en hann borga menn við kaup og neyflu. Þeim skattgreiðslum stýra menn því nokkuð sjálfir. Þar ætti þó að undanþiggja nauðsynjavörur, sérstaklega matvörur.

Heimskulegasti skatturinn er eignaskattur. Menn eignast mest eignir með peningum, sem þá þegar



Þýðingarmesta skrefið í slíkri vegferð er inn-ganga í ESB og upptaka evru.

hafa verið skattlagðir. Að skattleggja svo líka eignina, er því tvísköttun. Það sem verra er við eignaskatt er þó það, að menn borga ekki skatta með eignum, bara með reiðufé, og getur eignaskattstaka því neytt skattskylda í nauðungarsölu eigna, til að borga skattinn. Ekki falleg áferð á því.

Eina góða leiðin til að tryggja betra heilbrigðiskerfi, sókn í húsnæðismálum og samgöngubætur, er, annars vegar, niðurfærsla annarra útgjalda og, hins vegar, aukin verðmætasköpun. Þannig myndast umframfé, nýtt laust fé, sem nýta má til styrkingar innviða og aukinnar velferðar, án hækkaðrar skattaprósentu eða nýrra skatta.

Þýðingarmesta skrefið í slíkri vegferð er inn-ganga í ESB og upptaka

evru. Með henni myndi sparast/ myndast gífurlegt fé með margvíslegum hætti:

1. Vextir aflánnum myndu stórlækka og stórbæta afkomu einstaklinga og fyrirtækja.
2. Erlendir fjárfestar, sem hafna krónuhagkerfinu, myndu koma inn og stórefla íslenzkt atvinnulíf.
3. Alþjóðafyrirtæki myndu koma hér inn í verzlun, bankastarfsemi og alls kyns þjónustu, stórauka samkeppni og knýja niður verðlag og kostnað, langleiðina niður á verðlagsstig meginlandsins.

Með þessu fengju fyrirtækin í landinu aukinn fjárhagslegan kraft, sem myndi tryggja þeim bættu afkomu og gefa þeim afl til að skapa fleiri og betur launuð störf og aukin verðmæti; rífa upp landsframleiðslu til aukinnar velferðar landsmanna.

Í ljósi þessa, er með ólíkindum, að formannskandidatin skuli ekki taka ESB-áild og upptöku evru með, sem sitt helzta stefnumál, þó að framkvæmd þess taki tíma, eins og flest stórmál gera, og verður líka að líta til þess, að við skodanakönnun nú í sumar reyndust 94% þeirra Samfylkingarmanna, sem afstöðu tóku, og 58% landsmanna, hlynnt ESB-áild.

Má lítillsvirða það? ■

Bæjarsjóður blæðir, fjárfestir græðir



Hákon Gunnarsson



Tryggvi Felixsson
Höfundar eru Kópavogsbúar til áratuga og þykir vænt um bæinn sinn

Ef viðskipti Kópavogsbæjar við fjárfestafyrirtækið Árkór ehf. eru skoðuð vakna spurningar um hverjum bæjaryfirvöld í Kópavogi þjóna. Mánaðarlegar greiðslur úr bæjarsjóði Kópavogs nema nú um 6,7 m.kr. til nefnds fyrirtækis fyrir afnot hluta þess húsnæðis sem áður var í eigu bæjarbúa; húsnæði sem var selt í miklum flýti fyrir bæjar-

stjórnarkosningarnar vorið 2018. Þá nemur afsláttur sem bæjarfélagið veitir sama fyrirtæki á fasteignagjöldum á húseigninni Fannborg 2, gamla félagsheimilinu okkar Kópavogsbúa, um 6 m.kr. á ári. Árlega gerir þetta tæplega 90 milljóna króna millifærslu á fjármunum úr sameiginlegum sjóði bæjarbúa yfir til fyrirtækisins Árkórs ehf. fyrir afnot af húsnæði sem áður var í eigu bæjarfélagsins.

Þetta sama fyrirtæki (stofnað í mars 2018 og er án reynslu í bygginga- eða fasteignaviðskiptum) hefur fengið nokkuð frjálsar hendur um gerð deiliskipulags á svæðinu sem fasteignirnar sem félagið keypti af bænum eru staðsettar á. Það deiliskipulag hefur verið tilefni vídtækra og alvarlegra deilu og valdið miklum sársauka og angist íbúa á svæðinu. Það er því eðlilegt að spurt sé: hverjum þjóna bæjaryfirvöld í Kópavogi? Íbúum eða fjárfestum sem vilja ávaxta sitt pund með fasteignaviðskiptum í hjarta bæjarfélagsins?

Fannborg 6 – undarleg viðskipti

Um leið og Kópavogsbær gerði

samninginn við Árkór ehf. 10 mínútum fyrir kosningar í maí 2018 samdi bærinn um leigu á Fannborg 6 (óbreytt starfsemi!) á 3 milljónir á mánuði í 5 ár. Sú upphæð var verðtryggt og nemur nú 3,7 milljónum og fer hækkanði í verðbólgu. Árkór reiddi fram 303 milljónir fyrir eignina og hefur fram til þessa fengið 200 milljónir króna úr bæjarsjóði sem leigugreiðslu. Með sama framhaldi tekur það Árkór ehf. 8 ár að borga eignina upp að fullu með þeim leigugreiðslum sem koma úr bæjarsjóðnum sem seldi fyrirtækinu eignina. Allt viðhald á eigninni er á kostnað Kópavogsbæjar. Kunnáttumenn um slíka samninga hafa upplýst okkur að þeir þekki engin slík fordæmi.

Fannborg 2 – „fokhelt“ kennsluhúsnæði og athvarf fyrir fötluð börn

Hið söguríka félagsheimili Kópavogsbúa að Fannborg 2 var afbæjaryfirvöldum fært á „fokheldisstíg“ í júní 2019 og þar með lækkuðu útgjöld Árkórs ehf. til bæjarsjóðs um 6 m.kr. á ári. Byggingin var þó ekki í verra ástandi en svo að útleiga eignarinnar hélt áfram. Núverandi

Sumarhús í landi Miðdals við Laugarvatn til sölu. Húsið er um 61 m² að grunnfleti. Að auki er svefnloft og tvær útigeymslur. Heitur og kaldur pottur. Stór verönd, mikill og fallegur gróður og stórkostlegt útsýni. Lokað svæði með aðgangsstýrðu hliði. Húsið er í um 100 km akstursfjarlægð frá Reykjavík. Stutt í 9 holu golfvöll, gullna hringinn, verslun, sund og aðra þjónustu á Laugarvatni. Fjölskylduparadís sem nostrað hefur verið við.

Myndir og frekari upplýsingar má finna á facebooksíðu eignarinnar: Sumarbústaður í Miðdal: T-Gata 11. **Verðhugmynd: 32,5 mkr.**

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG

Sótt er um starfið í gegnum tölvupóst

Umsóknarfrestur er til 20. september

✓ **umsokn@reykjastraeti.is**

Nánari upplýsingar í síma 571 4990

Reykjastræti auglýsir eftir rekstraraðila á veitingasölu í Urðarhvarfi 8

Reykjastræti auglýsir eftir rekstraraðila fyrir mötuneyti og aðra veitingasölu í einni stærstu skrifstofubyggingu landsins.

Ýmsir möguleikar eru á opnunartímum og aukinni þjónustu rekstraraðila við fyrirtæki í húsinu.

Áætlaður heildar starfsmannafjöldi er um 600 manns. Húsið er nú þegar að 80% leiti útleigt. Rýmið verður afhent rekstraraðila tilbúið um næstu áramót. Rýmið er nýinnréttað með glæsilegu útsýni yfir Elliðaárdalinn og telur um 390 fm að stærð.






Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

Öflugur fasteignaleitarvefur með einföldu og notendavænu viðmóti sem býður upp á ítarlegar upplýsingar um fasteignir, þróun verðlags og fróðleik um fasteignamarkaðinn.



frettabladid.is



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is

Undirborðskælar

scandomestic



103 ltr.

SC 131 HE

Undirborðskæli - 103L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 500 x 530 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð



127 ltr.

SC 141 HE

Undirborðskæli - 127L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 600 x 530 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð



308 ltr.

SC 311 SLE

Undirborðskæli - 308L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 1350 x 520 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð



198 ltr. d.520



Pykkt frá vegg 520 cm

SC 211 SLE

Undirborðskæli - 198L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 900 x 520 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð



198 ltr. d.530



Pykkt frá vegg 530 cm

SC 211 HDE

Undirborðskæli - 198L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 900 x 530 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en
50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU



AKU skórnir
eru framleiddir
á Ítalíu úr 100%
evrópskum íhlutum
og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði
(grjótvörn) sem hentar
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur
aukna mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton,
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sitthvor
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Stingum af...



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Bílar & Farartæki



2022 ónotaður Ford Transit Edition Trend Langur. LED ljós. Stór litaskjár með bakmyndavél. Metallic lakk. ofl. Þessir bílar eru ófánlegir í Evrópu í da gen við eignum þó þennan til afhendingar strax! Verð: 5.680.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Málara

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggtur málaramestari. Löggtur málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarunari.is S. 7743800

Spádómar



SPÁMIÐILL
ER BYRJUD AFTUR

• SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MED HJÁLPAÐ HANDAN
• HEILUN

DÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggtur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI
HARÐVIÐARPALLAEFNI
21X145MM VERÐ 1.950 KR
METERINN

slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnssklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útlíður 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðaroliur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.



Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 108. Með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi og þvottavél og þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

Húsnæði óskast

HERBERGI ÓSKAST

Herbergi óskast til langtímaleigu - með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi og þvottavél m/ sérinngangi. Uppl. í s. 699 3982

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



systemair

Heilbriggt loft - heilbriggt heimili

- Betri loftgæði
- Rétt rakastig
- Minni líkur á myglusveppum
- Minna ryk
- Færri veirur og bakteríur
- Minna orkutap

Loftskiptikerfi

varmaendurvinnsla - loftsiun - loftskipti

ishúsið

viftur.is
-andaðu léttar

ÚRVALIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA

ALLT FYRIR

Oktoberfest

partybudin.is

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

SR30

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA**

Náðu þér
í boðsmíða
á **HARPA.IS**
og **TIX.IS**

MARRIA SCHNEIDER

Í tilefni af **30 ára afmæli Stórsveitar Reykjavíkur**
býður hljómsveitin landsmönnum öllum á stórtónleika
undir stjórn skærustu stjörnu stórsveitaheimsins!

▶ **18. SEPTEMBER**

▶ **KL. 20.00**

▶ **ELDBORG**

Miðasala á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

Íslenski dansflokkurinn fagnar hálfri aldar afmæli á næsta ári. Erna Ómarsdóttir listdansstjóri segir mikils að vænta á komandi dansári.

tsh@frettabladid.is

Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins, fer yfir komandi dansár. Árið 2023 er fimmtíu ára afmæli Íslenska dansflokksins og verður blásið til mikillar afmælisveislu með fjölbreyttum sýningum og verkefnum.

„Afmælisárið okkar verður mikil gleði og veisla. Eitt af þeim er hugmyndin um hvað það þýðir að eiga afmæli sem stofnun. Það er fróðlegt að skoða hvernig stofnun eldist í samburði við mannlíkamann. Þá er ýmislegt sem kemur upp, eins og sagan og hvernig og hvar þetta hófst allt saman,“ segir Erna.

Fimmtíu ára afmælishátíð Íslenska dansflokksins verður haldin 29. apríl á alþjóðadegi dansins og að sögn Ernu mun flokkurinn þá leggja undir sig öll svið Borgarleikhússins en dagskrá hennar er enn í mótun.

Eldri sýningar í bland við nýjar

Dansárið 2022–2023 hefst á tveimur eldri sýningum, Balli eftir Alexander Roberts og Ásrúnu Magnúsdóttur og Hvíla sprungur eftir Ingu Maren Rúnarsdóttur, sem fengu hvor um sig fjórar tilnefningar til Grímunnar.

„Við byrjum á sýningum sem við kláruðum árið á sem eiga eitthvað inni, Ball og Hvíla sprungur. Mjög ólíkar en alveg frábærar sýningar þar sem dansinn er heiðraður. Svo er fyrsta frumsýningin, Geigengeist, sem verður á Litla sviðinu 11. nóvember. Við höfum ekki mikið verið að sýna á því sviði en það er svo skemmtilegt að það er hægt að nýta það fyrir óhefðbundnar uppsetningar,“ segir Erna.

Geigengeist er verk eftir teknófiðluðu Geigen. Verkið er unnið í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, Tönju Huld Levý búningshönnuð og Sean Patrick O'Brien listamann. Geigen skipa Gígja Jónsdóttir og Pétur Eggertsson.

„Þau koma úr dansi, myndlist og



Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins, segir að nýtt danshús sé efst á óskalistanum fyrir fimmtíu ára afmæli flokksins. ÍD hyggst halda veglega afmælisveislu í Borgarleikhúsinu í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

tónlist og koma með sinn stíl þar sem er barokk í bland við teknó, neonliti og fiðlur. Þau eru að blanda saman hlutum á mjög skemmtilegan hátt. Það er kannski eitt af því sem manneskjan er oft að gera, enduruppötva hluti og setja þá í nýtt samhengi,“ segir Erna.

Ferðalag á milli danslikama

Eftir áramót verður verkið Hringrás eftir Þyri Huld Árnadóttur frumsýnt 3. febrúar. Um er að ræða dansverk til heiðurs kvenlíkamanum sem sameinar myndlist, tónlist og dans í heildræna hringrás. Verkið er samstarf Þyri og Urðar Hákonardóttur tónlistarmanns, Sögu Sigurðardóttur ljósmyndara og Júlíönu Steingrimsdóttur, búninga- og sviðsmýndahönnuðar.

„Hringrás er sprettið út úr sólóverkefni eins af okkar elstu dönsurum í flokknum, Þyri Huldur Árnadóttur. Þetta er samstarf hennar og Urðar Hákonardóttur,

”

Ef einhverjum dettur í hug í að gefa okkur einhverjar gjafir þá viljum við bara fá pláss og okkar eigið húsnæði.

þær eru báðar á sviðinu og vinna þetta í samstarfi með dans og tónlist. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem spruttu upp úr Covid. Grunnhugmyndin að Hringrás kom úr svokölluðu örverki, sem voru vídeóverkefni sem dansarnir unnu á þessum tímum þegar fólk mátti ekki koma saman í hóp. Úr því þróaðist stærra sviðsverk sem við hlökkum til að frumsýna í febrúar,“ segir Erna.

Annað eldra verk sem sett verður upp á afmælisári Íslenska dansflokksins er Black Marrow eftir Damien Jalet og Ernu Ómarsdóttur með tónlist eftir Ben Frost. Verkið var upphaflega samið 2009 og hlaut Grímuverðlaun fyrir tónlist ársins 2015. Black Marrow fer í almennar sýningar í lok febrúar en einnig verður boðið upp á skólasýningar fyrir grunnskólanema í 9. bekk.

„Þetta var samið fyrir danshóp í Melbourne 2009, svo endurunum við þetta hér 2015 með dönsurum

úr Íslenska dansflokknum. Um er að ræða vangaveltur um olíuna og hið góða og slæma sem henni fylgir. Þá voru loftslagsbreytingar ekki eins áþreifanlegar og í dag. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem margir dansarar hafa dansað í og fallett dæmi um hvernig dansarinn tekur efni og heldur áfram að þróa það og gera að sínu. Hvernig hlutir ferðast frá danslikama til næsta danslikama,“ segir Erna.

Berjast við að fá viðurkenningu Finnst þér miklar breytingar hafa átt sér stað í dansheiminum undanfarið ár?

„Já, það er margt búið að gerast. Bæði með stofnun dansdeildar LHÍ og Dansverkstæðisins. Auðvitað mætti vera meiri stuðningur og við erum alltaf að berjast við að fá smá viðurkenningu. Að vera á sama stað og leikhúsin og Sinfónían, af því þetta er listform sem á það alveg skilið.“

Þá segir Erna að ein helsta ósk Íslenska dansflokksins á fimmtíu ára afmælinu sé að fá sitt eigið danshús: „Það er náttúrliga það sem við erum að vonast eftir. Á fimmtíu ára afmælinu þá er það svona efst á óskalistanum. Ef einhverjum dettur í hug að gefa okkur einhverjar gjafir þá viljum við bara fá pláss og okkar eigið húsnæði,“ segir Erna og hlær.

Í desember hefjast svo aftur sýningar á verkinu Dagdraumar eftir Ingu Maren Rúnarsdóttur sem er dansverk fyrir börn er hlaut þrjár tilnefningar til Grímunnar 2021.

„Við erum að leggja áherslu á fræðslustarf og að fara meira á landsbyggðina núna í ár. Við tökum Dagdrauma upp aftur sem er ótrúlega falleg barnasýning og fórum með hana á Austurland. Eitthvað sem við gerðum líka í Covid var að fara í residensur út á land. Það var ótrúlega gefandi að geta gert það því við erum búin að vera mjög mikið á flakki erlendis og sýna úti um allan heim en höfum lítið fengið tækifæri til að fara á landsbyggðina,“ segir Erna.

Að lokum nefnir Erna samstarf Íslenska dansflokksins við Tom Weinberger sem er risandi stjarna í alþjóðlega dansheiminum og mun frumsýna nýtt verk með flokknum í lok maí. ■

Að vera fullorðin er farsí

LEIKHÚS

Fullorðin

Þjóðleikhúskjallarinn

Höfundar og leikarar: Árni Beinteinn Árnason, Birna Pétursdóttir og Vilhjálmur B. Bragason

Leikstjórn: Marta Nordal og Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir

Leikmynd: Auður Ösp Guðmundsdóttir

Búningar: Björg Marta Gunnarsdóttir

Hljóðmynd: Gunnar Sigurbjörnsson

Ljósahönnuður: Ólafur Ágúst Stefánsson

Sigríður Jónsdóttir

Sýningin Fullorðin var fyrst frumsýnd á Akureyri fyrir tveimur árum og gekk fyrir fullu húsi. Nú eru Árni Beinteinn Árnason, Birna Pétursdóttir og Vilhjálmur B. Bragason loksins komin í höfuðborgina til að skemmta borgarbúum. Þau hafa hreiðrað um sig í þjóðleikhúskjallarinum, sem hefur sjaldan verið fegurri eftir laglegt viðhald.

Hver efast ekki reglulega um sitt eigið ágæti sem fullorðin manneskja? Eða efast hreinlega um að vera fullorðinn? Eða gerir sér grein

fyrir því að fimmtugsaldurinn nálgast óðum? Engin handbók er til og það besta sem manneskjan getur gert er að fálma eftir einhverjum svörum. Gallinn er sá að daglegt amstur og félagslegar skyldur gefa ekki mikið tækifæri til sjálfsskoðunar. Uppþvottavélin, börnin, golfið og launavinnan krefjast athygli. Forgangsröðunin breytist eftir hag eða ástandi. Svo er það auðvitað skelfilegasta spurningin af þeim öllum: Hvað er í matinn?

Bráðfyndið og hnyttið

Árni, Birna og Vilhjálmur standa að handritinu ásamt því að standa á sviðinu til að skemmta leikhúsgestum. Handritið er stútfullt af hnyttum og stundum bráðfyndnum athugasemdum, einnig haug af dillandi lögum. Yfirleitt eru atriðin í styttri kantinum en þau leika sér líka með lengri atriði, sem fara fyrir ofan garð og neðan. Þó hitta nokkrar persónur úr bekkjarpartíinu í Garðabæ beint í mark og íslenska fjölskyldudramað í sjávarþorpinu er lúmskt fyndið.

Hópurinn vinnur lipurlega saman og allir leikararnir fá sín augnablik til að baða sig í sviðsljósinu. Árni Beinteinn Árnason nýtur sín best í hlutverkum unga mannsins eða unglingsins, orkan hans er smitandi



Fullorðin var áður sýnd á Akureyri og gekk fyrir fullu húsi. Höfundar og leikarar eru Árni Beinteinn Árnason, Birna Pétursdóttir og Vilhjálmur B. Bragason.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

og söngroddin góð. Innkoma hans sem ævafora söngkonan var líka kostuleg. Vilhjálmur B. Bragason, sem hefur gert garðinn frægan með Vandráðaskáldum, kemur einnig sterkur til leiks með einlægri framkomu. Eldri mennirnir, aularnir og lagasmíðar eru hans sérgrein.

Þrátt fyrir fina frammistöðu þeirra tveggja er ein manneskja sem stendur upp úr.

Stórkostleg grínleikkona

Birna er í einu orði sagt stórkostleg, grínleikkona sem vex ásmegin með hverri sýningu. Hún býður áhorf-

endum upp á heila skruðgöngu af mismunandi týpum sem við öll þekkjum og nokkrum glænýjum. Þróaða ljóðaslammaðinn mamman sem er einu lasagne frá því að ganga í sjóinn, gamansami námskeiðahaldarinn sem heitir alltaf Sveinbjörg eða Svanhvít, Gerður gjaldkeri sem á sér draum um að vera uppi-standari og svo mætti lengi telja. Þessar konur leikur Birna af mikilli innlifun, nákvæmni og holskeflu af hómor. Hverri persónu fylgir sérstök líkamsbeiting, augnaráð og rödd, svo fylgir skellihlátur áhorfenda.

Þrátt fyrir að vera upphaflega hugsuð fyrir Hof á Akureyri smellpassar Fullorðin inn í kjallara þjóðleikhússins, eitt mest spennandi leikhúsrými Reykjavíkur. Allir hafa gott af því að horfa í spéspegilinn. Við erum stundum svo upptekin af því að þrjúka daginn og gleymum okkur í grátbroslega hversdagsleikanum. Þá er gott að líta í eigin barm, síðan í augun á næstu manneskju, muna að enginn veit í raun hvað hann er að gera og hlæja síðan að öllu saman. ■

NIÐURSTADA: Fullorðin er hressandi áminning um að einlægni, einfaldleikinn og eitursnjall texti hittir alltaf í mark.

„Vildi að ég gæti **leikið** meira **við börnin mín**“

Róbert Jóhannsson
Ristilkrabbamein



Eftir að ég
greindist
sé ég lífið
í nýju ljósi

Vertu ljósavinur

Tryggðu krabbameinsgreindum
fría endurhæfingu.





Danilo Nava. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aðfluttir grínistar í góðlátlegu grilli

toti@frettabladid.is

Uppistandarinn Dan Nava á rætur að rekja til Venesúela en flutti til Íslands fyrir tæpum sex árum. Hér hefur hann farið með gamanmál í tvö ár og gert það gott með sýningunni *Becoming Icelandic* þar sem hann grínast með aðlögun að landi og þjóð og Útlendingastofnun.

Dan verður 36 ára á þessu ári sem gefur honum og félögum hans, öðrum aðfluttum grínistum, kjörð tilefni til þess að slá upp veislu þar sem þau gera góðlátlegt grín hvert að öðru.

Sýninguna sem verður í Iðnó klukkan 20 að kvöldi föstudagsins 30. september kalla þau Dan Nava's Birthday Compliment Roast með vísan til þess þegar grínistar grilla kollega sína í uppistandi. Þetta verður þó með öfugum formerkjum þar sem grillsósan verður að þessu sinni blönduð hrósi.

„Í þessu tilviki munum við fara í hina áttina og gera brandara með því að hrósa hvert öðru,“ segir Dan og leggur áherslu á að slíkt feli í sér nokkra áskorun þar sem í uppistandi sé alltaf auðveldara að kýla niður frekar en að byggja upp.

Dan Zerín ríður á vaðið en hann er þekktur og margverðlaunaður fyrir sýningu sína *My voices have Tourettes*. Hinir grínararnir sem hafa sest að á Íslandi og rutt sér til rúms á uppstandsenunni á síðustu árum eru Mauricio Villavizar, sem hefur einnig slegið í gegn erlendis í sýningunni *Anyway*, danski grínistinn Mette Kousholt, Nick Jameson og Dan sjálfur, auk þess sem Dan Roh verður kynntur til leiks en fyrsta sýningin hans, *The half-advutures of Reverend Roh*, hlaut nýlega verðlaun á Reykjavík Fringe hátíðinni.

Miðasala er hafin á tix.is en 36% af ágóðanum munu renna til Rauða kross Íslands til styrktar starfi hans í þágu innflytjenda og fólks á flotta sem er að aðlagast íslensku samfélagi. Sýningin fer fram á ensku. ■

Tékkneskt bíóvor á Íslandi

Fjöldi íslensks kvikmyndagerðarfólks hefur lært við hinn tékkneska skólann FAMU og svo skemmtilega til að Börkur Gunnarsson, settur settur rektor Kvikmyndaskóla Íslands, og Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndadeildar LHÍ, lærðu báðir í skólanum sem verður í brennidepli á Arctic Festival í Bíó Paradís á sunnudaginn.

toti@frettabladid.is

Fjöldi íslensks kvikmyndagerðarfólks hefur lært við hinn virta tékkneska kvikmyndaskóla FAMU sem verður í brennidepli á Arctic Festival í Reykjavík á sunnudaginn þegar skólaverkefni sjö Íslendinga verða sýnd í Bíó Paradís.

Þorgeir Þorgeirson, Þorsteinn Jónsson, Grímur Hákonarson, Silja Hauksdóttir, Örvar Þóreyjarson, Haukur Már Helgason og Börkur Gunnarsson eru meðal þeirra íslensku leikstjóra sem hafa lært í FAMU í gegnum árin.

Áhrifa skólans gæti væntanlega einnig í kvikmyndanámi á Íslandi þar sem Börkur, sem er settur rektor Kvikmyndaskóla Íslands, og Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndadeildar Listaháskóla Íslands, lærðu báðir í FAMU.



„Ég dýrka þetta land og ætlaði að setjast þarna að.“

„Ég dýrka þetta land og ætlaði að setjast þarna að,“ segir Börkur sem fann talverðan skyldleika með tékkneskri þjóðarsál og þeirri íslensku. „Þeir eru þarna mitt á milli risaveldanna, Rússa í austri, og Þjóðverja í vestri, sem eru bara alltaf að reyna að sigra allan heiminn og leggja allt undir sig. Tékkar eru náttúrulega smáþjóð á milli þessarra skelfilega vöðvatrylltu risa og eru með svolítinn Svejk filíng í sér.“



Börkur á góðar minningar frá FAMU og Tékklandi.



Sassicaia eftir Ívar Erik Yeoman er frá 2016.



Chrysalis eftir Eydisi Eiri Brynju-Björnsdóttur er nýjasta myndin sem verður sýnd á sunnudaginn, frá 2021.



Kjöt eftir Heimi Gest Valdimarsson er frá 2013.

Börkur stundaði nám í tékknesku deild skólans upp úr aldamótum og segir skólann þá hafa verið með þeim allra bestu og hann gerir ekki ráð fyrir að það

hafi mikið breyst þótt hann hafi ekki fylgst mikið með skólanum síðustu ár.

Sérstök sýning verður í Bíó Paradís klukkan 11.30 á sunnudaginn á



Anticorro eftir Elisabetu Elmu Guðrúnardóttur frá 2017.



Bobby eftir Sigurð Möller Sívertsen er frá 2013.

Grímur Hákonarson sýndi *Slavek the Shit* í Cannes 2005.MIR: *Hundred Years of Revolution* eftir Hauk Hallsson er frá 2020.

sjö skólaverkefnum íslenskra kvikmyndagerðarmanna frá FAMU í gegnum tíðina. Sýningin kallast FAMU Alumni presents og er hluti af Arctic Festival í Reykjavík. ■

Lykilspurningin

RÚV þurfti að fresta Klovn vegna brakandi ferskleika

Hvað varð um níundu seríu af Klovn?



Skarphéðinn Guðmundsson
dagskrárstjóri RÚV

„Eftir því sem ég kemst næst þurftum við að gera hlé á sýningum sökum þess að þættirnir

eru svo nýir og við höfum jú ekki heimild til að sýna þá áður en þeir eru sýndir í Danmörku.

En 4. þáttur er kominn á dagskrá og verður sýndur 4. október,“ segir Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri RÚV, um sviðlegt brotthvarf 9. seríu dönsku grínþáttanna Klovn af dagskrá sjónvarpsins í september.

Þáttaröðin telur átta þætti og sá fyrsti fór í loftið klukkan 21 að kvöldi þriðjudagsins 16. ágúst, sá næsti viku síðar og þriðji þátturinn þann 30. ágúst en síðan hefur ekkert til trúðanna Franks og Caspers spurst og það sem meira er, þá gufuðu þessir þrjú þættir upp úr sarpinum á ruv.is.

Þetta hefur vakið bæði furðu og áhyggjur dyggra aðdáenda Klovn á Íslandi og Skarphéðinn segir talsvert hafa verið spurst fyrir um afdrif trúðanna. „Allmargar fyrirspurnir hafa borist enda Trúðarnir hvergi vinsælli utan heimalandsins en í gömlu nýlendunni. Kannski eðlilega,“ segir dagskrárstjórinn sem sér ákveðnar hliðstæður með dönsku skopskyni.

„Innrætið kemur mögulega héðan. Handritin og innræti trúðanna væri þá það sem við



skildum eftir okkur. Og súkkulaði-húðaður lakkris auðvitað.“

Klovn IX varð aðgengilegt á streymisveitunni TV 2 Play en vikulegar útsendingar hófust á TV2 í gær með fyrsta þættinum og

þar liggur sjálfsgagt danski grín-hundurinn grafinn en þetta hlé á sýningu þáttanna verður þó ekki nema mánaðarlangt eftir að fyrir liggur að 4. þáttur fer í loftið hjá RÚV þriðjudaginn 4. október og

Frank og Casper voru á góðu skriði í 9. þáttaröð Klovn en hlé var gert á sýningum þegar fimm þættir voru eftir.

restin ætti að skila sér áfallalaust, vikulega til 1. nóvember.

Fyrstu þrjú þættirnir sem sluppu í loftið hjá RÚV áður en þetta strandaði allt saman á ferskleikanum bentu eindregið til þess að þeir Casper og Frank haldi enn fullum dampi og dansi enn fimlega á mörkum þess sem boðlegt pykir með vandræðalegum uppákomum. Sem gerði vitaskuld þetta þvingaða hlé en erfiðara.

Sjálfir eru þeir félagar ekki frá því að þessi seria og sú síðasta séu þeirra bestu.

„Þetta er góð seria,“ hefur TV2 eftir þeim og þeir segjast hafa upplifað barnslega gleði við gerð 8. og 9. þáttaraðanna. „Kannski eru þetta bestu þáttaraðirnar af þeim öllum. Við segjum þetta að visu alltaf en núna meinum við það.“ ■

Undir YFIRBORÐIÐ



ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30 OG AFTUR KL. 21.30

Nýstárlegir og spennandi þættir um mannlega möguleika, persónulega færni, sálarlíf og hamingju.

Ásdís Olsen er þekkt fyrir spennandi efnistöð, persónulega nálgun og áhrifarík viðtöl.



HRINGBRAUT

AMERÍSKIR DAGAR

20%
afsláttur
af Sealy

Sealy **PORTLAND**
heilsurúm með classic botni



Portland heilsurúm.
140 x 200 cm - Fullt verð: 174.900 kr.

Gæði á góðu verði.

Portland dýnan frá Sealy er vönduð og góð heilsudýna. Millistíf dýna með svæðaskiptum pokagormum sem gefa fullkominn stuðning út frá þyngd líkamans. Dýnan er byggð upp af náttúrulegu Talalay latex í bland mismunandi tegundir af svampi og trefjum. Talalay latex gefur dýninni meira loftflæði og heldur þannig hitastigi hennar alltaf réttu. Áklæðið utan um dýnuna andar einstaklega vel og gefur henni auka mykt og þægindi. Fæst í: 120/140/160/180/200 x 200 cm og 180x210 cm.

Nú 139.920 kr.

Sealy **HYATT**
heilsurúm með classic botni



Hyatt heilsurúm.
160 x 200 cm - Fullt verð: 269.900 kr.

Nú 215.920 kr.

Sealy Hyatt heilsudýnan er framleidd fyrir Hyatt lúxus hótélkeðjuna. Hún er gerð úr Posturpedic gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg á með það að leiðarljósi að veita stuðning og þægindi og góða endingu. Hyatt dýnan veitir fullkominn stuðning með 6 laga svamplögum, náttúrulegum trefjum og þykkum toppi svo þú hvílir fullkomlega. Dýnan er með Oek-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýninni. Fæst í: 120/140/160/180/200 x 200



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

*Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Þórarinn Snorri lætur spá um langa biðröð við kistu drottningar ekki aftra sér og er farinn út til að votta henni virðingu sína auk þess sem hann telur vist að hann muni upplifa söguleg augnablik á götum úti. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Íslenskur konungssinni fer hiklaust í biðröð syrgjenda

Konungssinnaði jafnaðarmaðurinn Þórarinn Snorri Sigurgeirsson flaug til London í morgun til þess að votta Elísabetu drottningu virðingu sína og lætur hættuna á langri biðröð að kistu drottningar hvergi aftra sér þar sem hann muni upplifa heimsviðburð í leiðinni.

toti@frettabladid.is

Þrátt fyrir að vera yfirlýstur jafnaðarmaður er Þórarinn Snorri Sigurgeirsson einnig einlægur konungssinni og flaug sem slíkur til London í morgun þar sem hann ætlar að leggja leið sína að kistu Elísabetar drottningar til þess að votta henni virðingu sína.

„Ákvörðunin var bara tekin yfir enskum morgunverði á sunnudaginn, flugmiðar pantaðir og gistingu reddað um kvöldið. Þetta var alger skyndiákvörðun að fengnu góðfúslegu leyfi vinnuveitanda míns," segir royalistinn Þórarinn Snorri.

„Mér hafa alltaf þótt konungsfjölskyldur Evrópu heillandi og þá sérstaklega sú breska og einhver alveg sérstök tenging sem maður finnur þangað. Ég hef fylgst með þeim, stúderað sögu þeirra og auðvitað þælt svolítið í þessu sem fyrirkomulagi, konungsveldinu.“

Rætur hefðarinnar

Þórarinn Snorri segir konungsveldið vissulega vera ákveðna tímaskekkju en það þurfi að skoða það sem hluta af hefð. „Þetta er náttúrulega hluti af hefð og það skiptir svolítið máli.“

Ef við ættum til dæmis að finna upp jólin í dag þá myndi okkur sennilega ekki detta í hug að saga niður grenitré og færa inn í stofuna hjá okkur. En það er samt sem áður hefð sem er bara góð og gild og okkur finnst vera einhvers virði. Þetta er svolítið svipað með konungdæmið.“

Þórarinn bætir við að þessi hefð sé rötgróin við þau samfélög þar sem konungsveldi tíðkast enn og kannski sérstaklega í Bretlandi. „Þetta virkar vegna þess að það er svo snar þáttur í þjóðmenningu þeirra og svo framvegis.“

Þetta meikar sens fyrir þeim. En þótt ég sé alveg svona yfirlýstur royalisti, konungssinni, þá yfirfæri ég það til dæmis ekki á Ísland. Þetta



Ég hef þarna tveggja sólarhringa glugga til að komast að og votta henni virðingu mína.



virkar bara fyrir þá þjód þar sem er hefð fyrir þessu. Eins og má náttúrulega sjá núna við fráfall drottningarinnar. Hversu stór viðburður þetta er," segir Þórarinn sem fer hvergi leynt með aðdáun sína á drottningunni.

Vel fálkaorðu virði

„Afstaða manns til þessa fyrirkomulags er eitt og svo er það náttúrulega drottningin, sem var orðin alveg stofnun út af fyrir sig. Bara einfaldlega aldurs, reynslu og virðingar sinnar vegna," segir Þórarinn og dregur fram tvo meginþætti í fari Elísabetar. Persónu hennar annars vegar og skylduræknina hins vegar.

„Hvernig hún gegndi þessu embætti og hve lengi. En þarna er manneskja sem tekur við starfi, sem hún hafði ekki sérstakan áhuga á, sinnir því af natni og elju til 96 ára aldurs. Fram til dauðadags og þetta er bara einstakt í nútímanum. Svona bara gerist ekki. Nema að þetta gerði hún og er náttúrulega alveg ofboðslega merkileg fyrir vikið.“

Þórarinn segir að í þessu sambandi verði fólk að horfa lengra en til þess að hún hafi búið í höll og um hana hafi gilt alls konar sérreglur. „Englendingar kalla sína opinberu starfsmenn „public servant“. Opinbera þjóna og drottningin var þar fremst í flokki og fyrir það dást maður auðvitað að henni. Við höfum alveg veitt fálkaorður fyrir minna tilefni en að fórna svo miklu af sínu eigin frelsi og iðka erfiða vinnu til 96 ára aldurs.“

Félagar ranghvolfa augum

En hvernig getur það farið saman að vera bæði jafnaðarmaður og konungssinni?

„Ég segi kannski ekki að þetta

sé vinsælasta skoðunin sem ég hef innan míns vínahóps og í mínum kreðsum," segir Þórarinn og hlær. „Það eru alveg margir félagar mínir sem ranghvolfa mjög augunum. En það er mjög mikilvægt að gera greinarmun annars vegar á því að geta stutt það að fyrirkomulag í kringum þjóðhöfðingja sé með þessum hætti, konungsveldi. Og

hins vegar einhverja víðari stéttaskiptingu með alls konar aðalsættum sem hafa einhver raunveruleg völd og svo framvegis. Það er orðinn allt annar pakki og eitthvað sem ég einmitt sem jafnaðarmaður hef bara andúð á.

Auðvitað viljum við búa í þjóðfélagi þar sem allir hafa sem jöfnust tækifæri. En ég get vel sætt mig við sem jafnaðarmaður að það sé gerð undantekning fyrir eina fjölskyldu sem sinnir þessu mikilvæga hlutverki," segir Þórarinn og hlær.

Lengi lifir konungurinn

Gert er ráð fyrir langri biðröð syrgjenda að kistu drottningar í Westminster Hall í London en Þórarinn ætlar ekki að láta slíkt aftra sér. „Ég hef þarna tveggja sólarhringa glugga til að komast að og votta henni virðingu mína.“

Þá ætlar hann vitaskuld að fylgja fjöldanum út á götur London á morgun þegar kista drottningar verður flutt úr Buckingham-höll í Westminster Hall. „Það verður gert með mikilli viðhöfn. Það verður svona allsherjar skrudganga og konungurinn með í för og ég verð þar á meðal, sérlegur fulltrúi íslenskra royalista.“

Siðan er þetta, burtséð frá manns eigin nördaskap og áhuga á þessu, náttúrulega líka heimsviðburður. Það verður væntanlega alveg einstök stemning sem ég reikna með að maður geti upplifað þarna á götum borgarinnar þegar syrgjandi þjóð kemur þar saman.

Þetta er þjóð sem er bara svolítið hryggbrotin eftir að hafa misst þessa stóð sína og stytta. Þarna verður allvegana falleg kveðjustund og ég treysti því að þar verði margt af því göfugra í breskri menningu í hávegum haft.“ ■



CELSIUS
ENERGY



FRAMTÍÐIN Í ORKUDRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN

nettó

Bakþankar



Péturs Georgs
Markan

Beðið við gluggann

Andlát Elísbetar drottningar markar tímamót í leiðtogasögu heimsins. Hún hitti meira að segja Trúman, sagði einhver í viðtali í gær. Lét hann samt örugglega ekki vita hvað henni fannst um atóm-bombuna. Níutíu og sex ára gömul, orðin léleg til morgundagsins, tók hún á móti nýjum forsætisráðherra Bretlands, trúnaðurinn við eigið embætti ofar öllu – tveimur dögum síðar skildi hún við.

Vangaveltur eru núna uppi um hvernig konungur Karl verði. Verður hann jafn skoðanaglaður og fjölþreifinn á málefnum samtímans og hann hefur verið? er einn hljómurinn í umræðunni. Það er auðvitað mjög frjálsglega farið með að segja að Karl hafi verið skoðanaglaður maður. Karl hefur líka verið ótull í félags-, hjálpar- og líknarstarfi. Nú þarf hann að draga sig til baka af þeim vettvangi – „eðlilega“ sagði sérfræðingur um málefni konungsfjölskyldunnar, hann er jú konungur allra. Ojæja.

Valdatíð Elísbetar er byltingarsaga 20. aldarinnar – eitt mesta þróunar-, framfara- og átakaskeið í sögu Bretlands, sem og heimsins alls. Átök og framþróun í mannréttindamálum, sviptingar á alþjóðavettvangi og í Evrópusamstarfi, stjórnmál veggja póla, stríð og friður, innlandsátök, náttúruhamfarir, veðurbreytingar og loftslagsvá.


Heimur sem sérítt, batnar og vex í veröld lýðræðis þar sem rödd og skoðun er allt.

Einmitt það sem Elísabet valdi að hafa ekki. Saga Elísbetar er því saga fólksins sem lagði út á akurinn hvern dag og sáði í umræðuna – lagði stundum allt undir til að ná fram örlytum breytingum hér og þar. Á meðan horfði hún út um hallargluggann og beidi eftir nýjum forsætisráðherra. ■



STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU


GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
 VÖNDUÐUM
 HEILSURÚMUM



EITT MESTA
 ÚRVAL AF
 HEILSUDÝNUM
 Á LANDINU



VANDADAR
 SÆNGUR OG
 KODDAR Í
 ÚRVALI



PANDORA
 STILLANLEGUR
 HÆGINDASTÓLL

LÆGSTA

VERÐIÐ

Á AKUREYRI


ER Á MÝRARVEGI



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
 REYKJAVÍK
 S: 581 2233



BALDURSNESSI 6,
 AKUREYRI
 S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR